

[Til baka](#)[Prenta](#)

Bæjarráð - 777

Haldinn að Búðareyri 2, fundarherbergi 1, 19.12.2022 og hófst hann kl. 08:30

Fundinn sátu: Stefán Þór Eysteinnsson formaður, Þuríður Lilly Sigurðardóttir varaformaður, Ragnar Sigurðsson aðalmaður, Jón Björn Hákonarson bæjarstjóri, Gunnar Jónsson embættismaður, Þórður Vilberg Guðmundsson embættismaður, Snorri Styrkársson embættismaður.

Fundargerð ritaði: Gunnar Jónsson, bæjarritari

Dagskrá:

Almenn mál

1. 2212082 - Úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2022-2023

Framlagt erindi matvælaráðuneytisins um úthlutun byggðakvóta til Fjarðabyggðar fyrir fiskveiðiárið 2022-2023 ásamt leiðbeiningum um sérreglur byggðakvóta.

Bæjarráð samþykkir að almennar reglur við úthlutun byggðakvóta gildi fyrir fiskveiðiárið 2022 til 2023 og felur atvinnu- og þróunarstjóra að upplýsa ráðuneytið.

[Úthlutun byggðakvóta 2022-2023.pdf](#)

2. 2209032 - Samningur um sameiginlegt umdæmisráð barnaverndar á landsvísu

Framlögð til staðfestingar uppfærð drög að samningi og reglum fyrir umdæmisráð Landsbyggða vegna barnaverndarþjónustu.

Bæjarráð samþykkir uppfærðan samning og felur bæjarstjóra undirritun hans.

3. 2212065 - Valdaframsal barnaverndarþjónustu

Lögð fram drög að valdaframsali til tilgreindra starfsmanna barnaverndarþjónustu til fullnaðarafgreiðslu mála í samræmi við breytingar á barnaverndarlögum 80/2002 ásamt minnisblaði sviðsstjóra fjölskyldusviðs og erindi frá mennta- og barnamálaráðuneyti.

Bæjarráð samþykkir tillögurnar fyrir sitt leyti og felur bæjarstjóra að vinna að uppfærslu samþykktar sveitarfélagsins og erindisbréfa nefnda vegna breytinganna. Vísað til fyrri umræðu bæjarstjórnar en stefnt er að aukafundi í bæjarstjórn 28. desember nk.

[Samþykkt um fullnaðarafgreiðslu mála hjá Barnaverndarþjónustu.pdf](#)

[Bréf vegna barnaverndarþjónustu og umdæmisráða 13. des. 2022.pdf](#)

4. 2212099 - Ársreikningur Fjarðabyggðar árið 2022 - endurskoðunaráætlun

Framlögð kynning vegna endurskoðunar ársreiknings 2022 sem send er bæjarráði í samræmi við lögum um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019, sem tóku gildi 1. janúar 2020. Samkvæmt ákvæðum þeirra laga ber endurskoðendum m.a. að upplýsa endurskoðunarnefndir um áhættumat og nálgun við endurskoðun ársins. Þar sem endurskoðunarnefndir eru ekki skipaðar gegnir bæjarstjórn því hlutverki.

5. 2211069 - Heilsukort Fjarðabyggðar

Vísað frá íprótta- og tómsfundanefnd til afgreiðslur bæjarráðs tillögu um heilsu og fjölskyldukort Fjarðabyggðar. Bæjarráð vísar tillögunni til deildarstjóra ípróttamála að nýju þar sem áhrif breytinga verði metnar fyrir notendur sem og kostnaðaráhrif þeirra. Þá verði tillaga að gjaldskrá útfærðar sem innifeli fjölskyldu- og heilsukortið og tekið upp með fjárhagsáætlunargerð 2024.

[Heilsukort Fjarðabyggðar - minnisblað.pdf](#)

6. 2107110 - Auglýsingasamningur 2021-2023

Vísað frá íprótta- og tómsfundanefnd til umfjöllunar bæjarráðs auglýsingastyrk til Knattspyrnufélags Fjarðabyggðar. Bæjarráð frestar afgreiðslu og felur bæjarstjóra að ræða við forsvarsmenn félagsins.

Fundargerðir til staðfestingar

7. 2212011F - Fræðslunefnd - 119

Fundargerð 119. fundar fræðslunefndar frá 14. desember 2022 lögð fram til afgreiðslu

7.1. 1808078 - Stefnumörkun í fræðslu- og frístundamálum í Fjarðabyggð

7.2. 2211066 - Rekstrarkostnaður grunnskóla sveitarfélaga árið 2021

7.3. 2210162 - Starfsáætlanir og skólanámskrár 2022-2023**7.4. 2212085 - Fundaáætlun fræðslunefndar vorið 2023****8. 2212009F - Félagsmálanefnd - 160**

Fundargerð 160. fundar félagsmálanefndar frá 13. desember 2022 lögð fram til afgreiðslu.

8.1. 2212075 - Kynning á verkefninu Hinsegin stuðningur í skólaumhverfinu**8.2. 2212076 - Rannsóknarverkefni Sprettur****9. 2212003F - Íþrótt- og tómstundanefnd - 110**

Fundargerð 110. fundar íþrótt- og tómstundanefndar frá 14. desember 2022 lögð fram til afgreiðslu

9.1. 1808078 - Stefnumörkun í fræðslu- og frístundamálum í Fjarðabyggð**9.2. 2212075 - Kynning á verkefninu Hinsegin stuðningur í skólaumhverfinu****9.3. 2107109 - Vallarvinnusamningur við KFF 2021 - 2023****9.4. 2107110 - Auglýsingasamningur 2021-2023****9.5. 2211069 - Heilsukort Fjarðabyggðar****9.6. 2212084 - Umsókn tónlistarskóla Fjarðabyggðar að frístundastyrk****9.7. 2211140 - Íþróttamaður Fjarðabyggðar 2022**

Fundargerðir til kynningar

10. 2202112 - Barnaverndarnefnd 2022

Framlögð til afgreiðslu fundargerð barnaverndarnefndar frá 13. desember sl.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:50

[Til baka](#)

[Prenta](#)